

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 85/2013

2013/EES/61/35

frá 3. maí 2013

um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 733/2002 frá 22. apríl 2002 um að taka í notkun .eu höfuðlénið ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 874/2004 frá 28. apríl 2004 um reglur um opinbera stefnu varðandi að taka í notkun .eu höfuðlénið og hlutverk þess ásamt meginreglum um skráningu ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1654/2005 frá 10. október 2005 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 874/2004 um reglur um opinbera stefnu varðandi að taka í notkun .eu höfuðlénið og hlutverk þess ásamt meginreglum um skráningu ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1255/2007 frá 25. október 2007 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 874/2004 um reglur um opinbera stefnu varðandi að taka í notkun .eu höfuðlénið og hlutverk þess ásamt meginreglum um skráningu ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 560/2009 frá 26. júní 2009 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 874/2004 um reglur um opinbera stefnu varðandi að taka í notkun .eu höfuðlénið og hlutverk þess ásamt meginreglum um skráningu ⁽⁵⁾, sbr. breytingar sem birtust í Stjtið. ESB L 291, 7.11.2009, bls. 42 og Stjtið. ESB L 80, 20.3.2012, bls. 39.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/375/EB frá 21. maí 2003 um að tilnefna skráningarstofu fyrir .eu höfuðlénið ⁽⁶⁾.
- 7) XI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við á eftir lið 5o (brottfallinn) í XI. viðauka við EES-samninginn:

„5oa. **32002 R 0733**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 733/2002 frá 22. apríl 2002 um að taka í notkun .eu höfuðlénið (Stjtið. EB L 113, 30.4.2002, bls. 1).

5oaa. **32003 D 0375**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/375/EB frá 21. maí 2003 um að tilnefna skráningarstofu fyrir .eu höfuðlénið (Stjtið. ESB L 128, 24.5.2003, bls. 29).

5oab. **32004 R 0874**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 874/2004 frá 28. apríl 2004 um reglur um opinbera stefnu varðandi að taka í notkun .eu höfuðlénið og hlutverk þess ásamt meginreglum um skráningu (Stjtið. ESB L 162, 30.4.2004, bls. 40), eins og henni var breytt með:

- **32005 R 1654**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1654/2005 frá 10. október 2005 (Stjtið. ESB L 266, 11.10.2005, bls. 35),

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 113, 30.4.2002, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 162, 30.4.2004, bls. 40.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 266, 11.10.2005, bls. 35.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 282, 26.10.2007, bls. 16.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 166, 27.6.2009, bls. 3.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 128, 24.5.2003, bls. 29.

- **32007 R 1255**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1255/2007 frá 25. október 2007 (Stjtið. ESB L 282, 26.10.2007, bls. 16),
- **32009 R 0560**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 560/2009 frá 26. júní 2009 (Stjtið. ESB L 166, 27.6.2009, bls. 3), sbr. breytingar sem birtust í Stjtið. ESB L 291, 7.11.2009, bls. 42 og Stjtið. ESB L 80, 20.3.2012, bls. 39.

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Skrár yfir heiti sem Ísland, Liechtenstein og Noregur geta tekið frá, eins og fram kemur í 2. lið viðaukans, ber að skilja sem skrár yfir heiti sem Ísland, Liechtenstein og Noregur geta skráð í 1. lið viðaukans.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 733/2002, (EB) nr. 874/2004, (EB) nr. 1654/2005, (EB) nr. 1255/2007, (EB) nr. 560/2009 og ákvörðunar 2003/375/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. maí 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. maí 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.